

| tíska | tíðarandinn | heilsa | gæludýr | safnarinn | pistlar | matur | stjörnuspa |

birta

● stöngin inn

EKTA TANGÓPARTÍ

» Brennsla Bryndísa Halldórsdóttur

LOGI ÓLAFSSON

» *Flautað til leiks*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
1. - 7. september

L'

O

R

Óendanleg augnhár,



Skref 1

Styrkjandi og
lengjandi grunnur
með tvisvar sinnum
meira Ceramide R.
Útkoma: allt að 70%
lengri augnhár.

NÝR MASKARI

DOUBLE

“Engin málamiðlun í mínum maskara.”



É

A

L

PARIS

kolsvört!



Skref 2
Í fyrsta sinn
hreinar kolagnir.
Útkoma: enn
dekkri* svartur
litur augnháranna.

* prófað í samanburði
við venjulegan maskara.

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

EXTENSION CARBON BLACK



L'ORÉAL

PARIS

ITALÍA



-allt það besta!

Nýtt á Íslandi

beint frá Ítalíu



Spennandi nýjungar!

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



16



26



38



14

Petta helst

- 7 Krassandi köflótt
- 8 Heitt og kalt
- 10 Brennsla Bryndíсар Halldórsdóttur
- 12 Ekkert ómögulegt

Greinar og viðtöl

- 14 Vinnusamir nýbúar eignast frumburð
- 16 Logi Ólafsson: Flautað til leiks
- 20 Þá var ég guðsblessunarlega ólétt

Hann/hún

- 26 Tvær pastasósur í safnið
- 32 Náttúruleg fegurð Kate Hudson
- 34 Erla Björg Gunnarsdóttir elur upp
- 34 Magakveisa ungbarna
- 36 Tónsmíðir frekar en flytjendur
- 38 Safnarinn: Arnfríður Sigurdórsdóttir
- 40 Tryggvi Gunnarsson segir kynjasögur
- 40 Stjörnuþá
- 42 Tíu leiðir til að láta segja sér upp
- 44 Ofnæmi barna eykst
- 46 Uppskrift að silkimjúkum höndum

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku



Nýjar vörur vikulega

DOROTHY PERKINS

Smáralind | S.522 8380

Krassandi köflótt

Mynd: NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Í vetur mun hið köflóttu mynstur sem kennt er við Skotland sjást á jökkum, kjólum, pils-um og skóm. Tískuhönnuðir notuðu þetta mynstur óspart fyrir haust og vetrartísku sína og var Alexander McQueen þar fremstur í flokki. Óaðfínanlegir kjólar hans eru sniðnir afar vandlega með köflóttu mynstri og efnið látið liggja þannig að úr verði nýtt mynstur. Tjull og blúndur eru síðan notaðar til að skrauts, sem sýnir að ýmislegt er hægt að gera með þetta gamla en sígilda mynstur.

Einn helsti kostur þessa ágæta mynsturs er án efa sá að köflótt klæðir alla og gerir fólk hvorki of breitt né of smátt, og hentar það öllum aldurshópum. Nú er því um að gera að draga fram gömlu skotapilsin úr skúmaskotum geymslunnar og sauma jafnvel á þau blúndur eða setja undir þau tjull, eða hreinlega gera eitthvað alveg nýtt, eins og tösku eða nota efnið úr þeim til að klæða gamla skó.



BERJAMÓ Á HAUSTIN

Könguló, könguló, vísaður mér á berjamó. Með þessum orðum hefst einn vinsælasti húsgangur þjóðarinnar, sem hæfir vel í ágústmánuði þegar Íslendingar halda af stað í berjamó. Bláber, aðalbláber, krækiber og jafnvel villt jarðarber eru með því síðasta sem landið gefur af sér áður en laufin falla af tránum og allt leggst í dvala. Berjamó er því nokkuð táknræn athöfn auk þess að vera heilsusamleg og skemmtileg stund, sem einn eða fleiri geta upplifað saman og getur gefið af sér fleiri góð augnablik er fram líða stundir.

HÆGT ER AÐ NÝTA SÉR SÆT-LEIKA NÁTTÚRUNNAR með ýmsum hætti. Ber koma að góðum notum við sultu-, köku- og sósu-gerð og eru tilvalin eftirréttur með þeyttum rjóma.

GÓÐIR GÖNGUSKÓR eru nauðsynlegir vilji menn bregða undir sig fætinum og halda út í sveit.

SAFAPRESSA ER MÁLIÐ Ofan í þessa galdravél má setja nánast hvaða grænmeti og ávöxt sem er, epli, appelsínu, banana og ber.

FATAN ER SJÁLFSAGT EIN BEST NÝTANLEGA uppfinning allra tíma. Fyrir utan að hana megi nota til að gera sandkastala og við skúringar er hún auðvitað hentugt geymslulát, til að mynda við berjatínslu.

| heitt & kalt |

VASAÚR Retró, stílhreint og gefur klassískt yfirbragð.

VEGGFÓÐUR Munstraðir veggir og litadýrð á heimilinu.

TOYOTA YARIS Lítil, nettur og sparneytinn bíll en vá hvað þeir eru orðnir margir.

CONVERSE SKÓR Allir eiga Converse skó þrátt fyrir að botninn sé lélegur og verðið allt of hátt.

YFIRVARASKEGG Það þarf meira en eina skemmtilega keppni á ári til að gera yfirvaraskeggið flott.

MAÐUR Á KANNSKI EKKI GULL Í SKÓ, húfu græna, skarlatsskikkju eða skúf úr silki til að gefa eins og segir í vísulok, en það er alltaf hægt að deila góðri stund með vinum og vandamönnum.



Nº7



Glæsileiki engum líkur

Merkið tryggir gæðin!

BOTANICS

Náttúruvara fyrir alla fjölskylduna

MEDITERRANEAN

Suðrænir ávextir og heilsusamlegar olíur

EASTERN

Austurlensk dekurlína fyrir vandláta

NATURAL COLLECTION

Ilmtegundir sem móta góða skapið



Nýtt í

BM Austurhrauni 3 - Hagkaup Smáralind - Lyfjaval Álftamýri - Betri apótekum landsins



brennslan mín ...

Bryndís Halldórsdóttir tangódansari og kennari

Ekta tangópartí

Tangóhátíð hófst í gær og er því í nógu að snúast hjá Bryndísi Halldórsdóttur tangókennara og dansara þessa dagana, sem nánast lifir fyrir dansinn og menninguna sem honum fylgir. Í vetur hefur hún starfað sem DJ á milonga kvöldum í Þjóðleikhúskjallaranum og segir það aðallega vera vegna brennandi áhuga hennar á að byggja upp alvöru tangómenningu á Íslandi. „Milonga er alþjóðlegt heiti á tangóklúbbum, þar sem fólk kemur að dansa annað hvort við lifandi tónlist eða tónlist sem DJ stjórnar,“ útskýrir Bryndís. Hún segir DJ-inn stjórna stemningu, oftast með því að spila fjögur danslög og svo eitt millilag þar sem fólk fer af dansgólfinu og býður upp öðrum dansfélaga. „Fólk heldur að það þurfi að mæta í þörum á svona kvöld en það er mesti misskilningur,“ segir Bryndís.

| | |
|---------------|---|
| LAG 1 | 9 De Julio með Juan D'Arienzo. Dansvænt lag sem er gott til að hita upp með í byrjun tangókvölds. Lag frá gullaldartíma gamla tangósins, taktfast og seiddandi. |
| LAG 2 | Bahia Blanca með Carlos Di Sarli. Annar meistari frá gullaldartíma. Glæsilegur og góður klassískur tangó. |
| LAG 3 | La Vida Es Una Milonga með Pedro Laurenz. Sungin milonga með gamla sjarmanum og frábærum takti. |
| LAG 4 | Milonga vieja milonga með Juan D'Arienzo. Gömul og góð milonga sem fær alla út á gólfid. |
| LAG 5 | Felino með Electrocutango. Elektrónískur nútímatangó með norskri tangógrúppu. Djúpur og dálítið djassaður taktur. Flott fyrir yngri kynslóðina sem gefur dansinum alveg nýja tilfinningu. |
| LAG 6 | Lunático með Gotanproject. Titillag nýju plötu Gotan, nýjasti smellurinn í nútímatangótónlist. |
| LAG 7 | Tango Negro með Caseres. Frábær rödd og fær alla til að sletta úr klaufunum og dansa milonga á nýjan hátt. |
| LAG 8 | Los Suenos með Astor Piazzolla. Meistarinn sjálfur spilar þennan mjúka, hæga tangó sem róar dansinn eftir fjörugan Caseres. Það jafnast ekkert á við Piazzolla. |
| LAG 9 | Desde el Alma með Colortango. Fallegasti tangóvalsinn með hinni frábæru hljómsveit Colortango frá Buenos Aires. |
| LAG 10 | La Cumparcita með Silencio. Öll góð tangódiskótek eiga að enda á þessum fræga tangó. Ég hef valið útsetningu uppáhalds hljómsveitar minnar, Silencio frá Argentínu og Uruguay. Þeir eru líka mjög vinsælir í Evrópu. |



» birta mælir með ...

HVERT FÖRUM VIÐ NÚ NEMA HVERGI! Skiltasýningu Stelli Sigurgeirsdóttur sem er að finna víða um Reykjavíkurborg, og var afhjúpuð á Vetrarhátíð Reykjavíkurborgar. Sýningunni líkur 4. september og fer því hver að verða síðastur að aka eða röla um borgina og skoða skiltin.



... SWEET CHILI TEINU FRÁ YOGI TEA Sérstaklega gott fyrir þá sem eru með stíflað nef eða þurfa að fá í sig smá hita. Kryddbragðið er líka svo ljómandi gott ásamt smá keimi af mintu og súkkulaði.

... THANK YOU FOR SMOKING Það er algjör óþarfi að hafa rétt fyrir sér, maður þarf bara að sýna fram á að hinir hafi ekki rétt fyrir sér og þá hefur maður unnið, það finnst Nick Naylor að minnsta kosti. Myndin er ákaflega vel heppnuð ádeila með sótsvörtum húmor. Aaron Eckhart leikur talsmann tóbaksframleiðanda sem ver sigarettur með flauelstungu sinni á sama tíma og hann reynir að vera fyrirmynd tólf ára sonar síns. Þess á milli hittir hann félagi sína en það vill svo skemmtilega til að þeir eru talsmenn áfengisíðnaðarins og byssuíðnaðarins.



Ný kynslóð hljóðbóka

NÝTT

Hljóðbækur eru án efa ein sniðugasta uppfinning seinni tíma. Virtir leikarar lesa heilu meistaraverkin á spólur svo sjónskertir og blindir geti notið þeirra, og auðvitað þeir sem eiga við lestrarörðugleika að stríða. Með tilkomu stafrænnar hljóðtækni sem er aðgengileg almenningi hefur opnast fyrir dreifingu hljóðbóka á netinu og iPodar þessa heims geyma margir hverjir leiklesin Shakespeareleikrit og Stephen King bækur í bland við rybmablús og tölvupopp. Hinar góðu sálir hjá Playaway voru þó ekki lengi að sjá að endurbóta væri þörf. Veseníð við að finna og hlaða niður bókum dró úr þægindastuðlinum og því hafa þeir búið til stakar hljóðbækur í föstu formi sem hægt er að kaupa á www.playawaydigitals.com fyrir andvirði 2-5.000 króna. Um er að ræða pínulitinn spilara með heymartölum og hálsól sem hefur að geyma eina lesna bók en yfir hundrað titlar eru þegar fáanlegir. Hægt er að hlusta aftur og aftur á bókina, eða gefa hana eftir fyrstu hlustun. Fljótlega verður hægt að kaupa þá á flugvöllum og lestarstöðvum. Til dæmis í stað tímarita. Því hver nennir að lesa þegar hægt er að hlusta?



Gefðu heimilinu persónlegan blæ með textílvörum frá Moltex



LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is



Viðtal: VALGEIR RAGNARSSON
Myndir: GVA

» EKKERT ÓMÖGULEGT

Jón Eggert Guðmundsson kerfisfræðingur hjá Reiknistofu bankanna lauk nýverið ótrúlegu afreki. Síðastliðin tvö sumur hefur Jón Eggert þrætt strandvegi Íslands fótgangandi. Gönguna fór hann til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands og þegar hann kom aftur til Reykjavíkur hafði hann lagt að baki 3446 kílómetra og létt sig í leiðinni um rúmlega 30 kíló.

HVERS VEGNA LAGÐIR ÞÚ AF STAÐ Í ÞETTA FERÐALAG?

Þetta var gamall draumur sem ég ætlaði mér alltaf að láta rætast. Þetta er lengsti hringur sem hægt er að labba eftir þjóðvegnum, eða 3446 kílómetrar á 129 dögum sem gera að meðaltali 26,7 kílómetra á dag.

HVER VAR FALLEGASTI STAÐURINN SEM ÞÚ HEIMSÓTTIR?

Allar heiðarnar og firðirnir á Vestfjörðum nálægt Ísafjarðarkaupstað og Patreksfirði. Þarna er mikil náttúrufegurð og ótrúlega fjölskrúðugt dýralíf.

HVARFLAÐI ÞAÐ ALDREI AÐ ÞÉR AÐ GEFAST UPP?

Nei í raun og veru ekki. Þegar ég var að ganga á erfiðum köflum, þá skipti ég þeim niður í smærri kafla. Yfirleitt var ég líka svo upptek-

inn við að hugsa um gönguna og umhverfi mitt að ég hafði ekki tíma til þess að hugsa þannig. Síðan hlustaði ég mikið á tónlist í mp3 spilaranum mínum, yfirleitt var það diskótónlist, það er virkilega góð tónlist á göngu.

HVERS VEGNA ÁKVAÐST ÞÚ AÐ STYRKJA KRABBAMEINSFÉLAGIÐ?

Flestir hafa annað hvort þekkt einhvern sem hefur fengið krabbamein eða þá greinst með það sjálfir. Þetta er málefni sem tengist flestum á Íslandi á einhvern hátt. Auk þess er þetta mér persónulega hugfangið málefni því ég þekki sjálfur fólk sem hefur dáíð úr krabbameini.

HAFI MIKLIR PENINGAR SAFNAST?

Þetta er að tynast inn þessa dagana, það er ennþá hægt að hringja í söfnunarsíma Krabbameinsfélagsins í síma 9075050. Ég

geri ráð fyrir því að það verði um það bil tvær milljónir sem safnast þegar upp verður staðið.

HEFUR ÞÚ HUG Á AÐ GERA EITTHVAÐ ÞESSU LÍKT AFTUR?

Nei, ekki alveg strax að minnsta kosti. Nú þegar ég er búinn að labba strandveginn þá væri það verðug áskorun fyrir einhvern að synda í kringum Ísland.

HEFUR ÞETTA ÆVINTÝRI ÞITT BREYTT LÍFI ÞÍNU?

Já maður lærir mjög mikið. Að taka svona risastórt verkefni að sér og klára það kennir manni að brjóta það niður í smærri einingar. Maður notar þessa þekkingu í smærri verkefni á öðrum vettvangi. Eftir þessa reynslu finnst mér eiginlega ekkert vera ómögulegt lengur.

NÝJAR VÖRUR



JSG25516
Stærðir: 36-41
Litir: svart

Verð:
15.995 kr.-



JSG25492
Stærðir: 36-41
Litir: svart

Verð:
14.995 kr.-



SPS186210
Stærðir: 36-41
Litir: svart

Verð:
11.995 kr.-



JSG25365
Stærðir: 36-41
Litir: svart
brúnt

Verð:
16.995 kr.-



APR712334
Stærðir: 36-41
Litir: svart

Verð:
17.995 kr.-



SPR945316
Stærðir: 36-41
Litir: svart

Verð:
18.995 kr.-



SPR895303
Stærðir: 36-41
Litir: svart
brúnt

Verð:
18.995 kr.-



SPR896307
Stærðir: 36-41
Litir: svart

Verð:
18.995 kr.-



SPR894303
Stærðir: 36-41
Litir: svart

Verð:
19.995 kr.-

*BIRT MEÐ FYRIRVARA UM VERDBREYTINGAR, MYNDBRENGL OG STAFSETNINGARVILLUR

ÞÓSTSENDUM

STEINAR WAAGE

SKÓVERSLUN

SMÁRALIND - KRINGLAN



Stefán Þór Pálsson með soninn Skírni Mána. Silja heldur á Úlfrúnu og Söldís Rós heldur utan um vinkonu sína Kayu meðan önnur vinkona hennar, Lóa Mjöll, horfir á.



Silja ásamt hvolpinum Úlfrúnu sem er einkabarn foreldra sína.
Myndir: HRÖNN

Vinnusamir nýbúar eignast frumburð

» Í hundaheiminum þykir allt sem er nýtt vera skemmtilegt og spennandi. Silja Dögg Kristjánsdóttir og maður hennar Stefán Þór Pálsson eiga tíkina Kayu og hundinn Torrek sem eru af belgíska fjárhundakyninu malinois. Skötuhjúin eignuðust í sumar sitt fyrsta afkvæmi, Úlfrúnu.

Silja Dögg og Stefán búa í Víðinesi, rétt fyrir utan Mosfellsbæ, þar sem þau una sér vel með börnunum sínum tveimur, hundum og hestum. Þetta er tilvalinn staður til að ala upp börn og hunda enda nóg pláss til að leika sér.

Silja er mikil hundamanneskja, enda hefur hún haft hund á heimilinu frá blautu barnsbeini. Faðir hennar var formaður hundaleitarflokks og björgunarsveitar Ingólfs á sínum tíma og sjálf hefur Silja lengi átt hunda af Border collie kyni. „Þegar ég kynnist manningum mínum hafði hann verið úti í Danmörku og séð margar skemmtilegar hundategundir. Hann langaði að flytja inn rákhund en hann var þá þegar til í landinu og okkur langaði að koma með eitthvað nýtt,“ útskýrir Silja upphaf þess að hún eignaðist hund af Malinois kyni. Þau fengu tíkina Kayu í febrúar 2003 og Torrek um síðustu áramót. Í sumar eignaðist Kaya svo hvolpinn Úlfrúnu. „Það er mjög óvenjulegt að aðeins einn hvolpur komi í goti hjá svo stórra hundategund, en þetta var fámenn en góðmennt got,“ segir Silja glaðlega.

„Malinois hundar verða óvenju háðir eigendum sínum og það er sagt að þú vitir fyrir víst að þú eigir Malinois þegar þú kemst ekki einn á klósettið,“ segir Silja kímín þegar hún er innt eftir því hvers konar hund Malinois hafi að



geyma. Hún útskýrir að „mallinn“ sé eins manns hundur sem þoli illa eigendaskipti. Til dæmis hafi Kaya valið sér Silju sem eiganda og Torrek vilji heldur vera með Stefáni.

Í flokki belgískra fjárhunda eru fyrir utan

Malinois þrjár tegundir, Groenendael, Laekense og Tervuren. Silja veit ekki betur en að Malinois hundurinn sé sá eini í þessum flokki sem til er á Íslandi.

Hundarnir af þessu kyni eru léttbyggðir og tígulegir á að líta. „Þeir eru líka rosalegir varðhundar og svaklegir vinnuhundar,“ útskýrir Silja og vill meina að Malinois sé að skáka þýska Sheffernum í lögreglustörfum, þar sem þeir þyki bæði kvikir og fljótir að læra. „Allt sem þú gerir er skemmtun í þeirra augum,“ segir hún glaðlega.

Hundar Silju eru þó ekki aldri upp sem vinnuhundar heldur þjóna frekar hlutverki fjölskyldumeðlima. Hins vegar getur Silja tekið dæmi af kunningja sínum sem er lögreglumaður og björgunarsveitarmaður á Blönduósi. „Hann flutti inn tík sem er þjálfuð af norsku lögreglunni og hann notar hana í spora- og fíkniefnaleit,“ segir Silja. Hún tekur þó fram að hundarnir henti einnig sem fjölskylduhundar og séu góðir með börnum ef þeir hafi verið aldri upp með þeim og börnunum kennt að umgangast þá.

Úlfrún verður seld til nýrra og góðra eigenda í byrjun september. „Það er að segja ef við tímum því,“ segir Silja en henni finnst erfitt að hugsa til þess að gefa hana frá sér. „Það væri allt annað ef maður væri með tíu hvolpa og væri að brjálást,“ segir hún kankvíslega.

Gott ráð við
hitunum um
helgina



emmessis

FLAUTAÐ TIL LEIKS

Í gær hófust sýningar á þáttunum KF Nörd sem fjalla um knattspyrnulið, skipað eintómum nördum sem kunna nær ekkert í knattspyrnu. Einn farsælasti knattspyrnuþjálfari landsins, Logi Ólafsson, hefur verið nördunum innan handar í sumar og nú er komið að þjóðinni að sjá afrakstur erfiðisins. Bláðamaður hitti Loga á Grænum Kosti og ræddi við hann um verkefnið yfir rjúkandi heitum kaffibolla.

Logi Ólafsson hefur komið víða við á löngum og farsælum ferli, bæði sem knattspyrnumaður og þjálfari. Hann hefur verið viðloðandi knattspyrnu nær alla sína tíð og þekkir fræðin því vel. Að baki á Logi starfsferil sem þjálfari flestra stærstu knattspyrnuliða landsins, auk þess sem hann hefur stýrt bæði A-landsliðum karla og kvenna. Nýjasta verkefni Loga er mikil áskorun því hann hefur tekið að sér þjálfun hins nýstofnaða KF Nörd, en þar ægir saman nördum úr ýmsum áttum sem þó eiga það sameiginlegt að hafa aldrei sparkað í bolta fyrr en nú.

VÍÐFÖRULL KNATTSPYRNUFRÆÐINGUR

„Sem ungur maður lék ég með FH á árunum 1972 til 1981, á þeim tíma lék ég landsleiki með U-18 ára liði Íslands. Eftir að ég lagði skóna á hilluna fór ég til náms í Íþróttaháskólann í Ósló. Ég kom heim árið 1984 og þá hófst þjálfaraferillinn. Mitt fyrsta þjálfarastarf var með Inga Birni Albertssyni hjá FH. Síðan þá hef ég meðal annars þjálfað meistaraflokk kvenna hjá Val, Víking á árunum 1990-1992. Síðan stýrði ég kvennalandsliðinu á árunum 1993-1994. Eftir það var ég meðal annars með ÍA og FH aftur, ég var eitt ár í Noregi með Lillestrøm og tók svo við landsliðinu árið 2002 ásamt Asgeiri Sigurvinssyni,“ segir hann og stíklar á stóru.

NÖRDARNIR HANS LOGA

Logi segir virkilega ólíku saman að jafna þegar hann er spurður út í muninn á því að

þjálfra bestu knattspyrnumenn landsins og taka svo að sér að þjálfra fullorðna menn sem hafa aldrei komið nálægt íþróttum. „Í landsliðinu eru bestu fótoltamenn landsins sem hafa lífsviðurværi af knattspyrnuíðkun. Í KF Nörd eru menn sem hafa ekki einu sinni leikið sér í fótbolta sem ungir menn. Það er einn í liðinu sem hefur æft fótbolta áður, en hann lagði skóna á hilluna átta ára gamall. Það er því gríðarlega mikill munur á þessu enda ekki hægt að bera þetta saman í fótbolta. Í KF Nörd erum við auðvitað að búa til sjónvarpsþátt en samt sem áður hafa þeir tekið gríðarlegum framförum í sumar,“ segir Logi og bendir máli sínu til stuðnings á að leikmennirnir séu til dæmis farnir að hitta bolta sem liggur dauður á jörðinni, en það var eitthvað sem margir þeirra gátu ekki áður.

„Við höfum fengið til okkar fræga menn úr knattspyrnuheiminum og þeir hafa ekki grænan grun um hverjir þetta eru. Það segir sig náttúrulega sjálf að þeir sem hafa ekki einu sinni fylgst með fótbolta eru ekki til afreka í greininni.“

Þegar lítið er yfir farsælan þjálfaraferil Loga þá stingur núverandi starf óneitanlega í stúf við það sem hann hefur gert áður, finnst honum hann ekki vera að sóa kröftum sínum í því að kenna fullorðnum mönnum að sparka í bolta? „Ég lít nú ekki svo stórt á mig að ég geti ekki reynt að kenna svona mönnum fótbolta líka. Ég ber það mikla virðingu fyrir fótbolta að ef ég get látið gott af mér leiða hvað það varðar, þá skiptir ekki máli hver maðurinn er eða hvað hann getur. Ég hef það líka til samanburðar

að ég er búinn að vera líkamsræktarkennari í MH um langt skeið, svona týpur hafa því verið á vegi mínum fyrr.“ segir hann en viðurkennir að þær séu þó sjaldgæfar.

KF Nörd hefur æft af kappi síðastliðna tvo mánuði og er Logi mjög ánægður með strákana. „Þetta hefur gengið mjög vel, ég get ekki sagt neitt annað. Þeir hafa staðið sig alveg frábærlega þessir strákar. Við erum búinir að reyna svo margt annað en að spila fótbolta sem við vonumst til að muni hjálpa þeim að verða betri knattspyrnumenn, en eins og á eftir að koma fram í þáttunum þá eru þeir lítið skárri í því.“

HLÆJUM MEÐ NÖRDUNUM EN EKKI AÐ ÞEIM

Logi vill ekki kvitta undir það að þættirnir verði kvikindislegir og verið sé að gera lítið úr strákunum. „Það er svo margt annað í þessu heldur en að sjá menn gera mistök í fótbolta. Það getur þó verið mjög myndið að horfa á einhvern reyna eitthvað sem hann getur alls ekki gert en reynir samt. Ég hef skemmt mér gríðarlega vel í sumar og það sama má segja um liðið. Við erum ekki þarna til þess að hlæja að nördunum heldur með þeim. Í handritinu er lögð rík áhersla á það að ekki verði gert lítið úr neinum. En það liggur í augum uppi að þú þarft að hafa hómur fyrir sjálfum þér til þess að fara í svona þátt og það hafa þessir piltar.“

Logi er jafnframt mjög ánægður með einbeittan vilja nördanna til þess að taka framförum. „Þeir eru virkilega að reyna að bæta sig, í byrjun sumars fóru þeir allir í

„Við höfum fengið til okkar fræga menn úr knattspyrnuheiminum og þeir hafa ekki grænan grun um hverjir þetta eru. Það segir sig náttúrulega sjálfst að þeir sem hafa ekki einu sinni fylgst með fótbolta eru ekki til afreka í greininni.“





mælingu í Laugum svo að við eigum allar tölur um þá. Í sumar hafa menn jafnt og þétt verið að bæta knattspyrnugetuna og líkamlegt atgervi í leiðinni. Þeir hafa allir meira úthald en í upphafi og sumir hafa misst nokkur aukakíló. Það er gaman að geta tekið menn frá tölvunni og farið með þá undir beran himin.“

Jákvæðni er ríkjandi hjá KF Nörd og þrátt fyrir að metnaðurinn sé til staðar segist Logi ekki vera í því að öskra og skammast. „Við reynum að nálgast þetta með jákvæðum formerkjum, ég hvet menn áfram en það er engin ástæða til þess að skamma mann sem maður veit að getur ekki gert betur.“

Logi segir aukinheldur að margt hafi komið sér á óvart í sumar. „Ég hef eins og áður sagði verið kennari í skóla og séð því ýmislegt. Það var alltaf einn og einn sem var ekki nógu góður í íþróttum og var alltaf kosinn síðastur í lið en enginn vildi í raun hafa hann í sínu liði. Þegar þeir eru allir komnir saman í eitt lið þá verður útkoman mjög merkileg. Þegar við stoppum á æfingum er alveg magnað að hlusta á þær umræður sem fara fram á milli manna, þær eru allavega langt út fyrir minn hugarheim. Áhugamálin eru þeim svo ofarlega í huga að um leið og þeir stoppa þá eru þeir byrjaðir að ræða um tölur, teikni-myndasögur eða flugmódel. Þeir ræða þó aldrei um fótbolta enda vita þeir ekki neitt um hann.“

HÁLEIT MARKMIÐ

„Við settum okkur það markmið að taka framförum í fótbolta, það er reyndar mjög opið markmið. Ef mér tekst að vekja áhuga þeirra á hreyfingu og opna hugann fyrir því að það geti verið hollt og heilsusamlegt fyrir líkamann að hreyfa sig þá er tilganginum náð. Ég held að það hafi tekist vel því við vitum til þess að þeir séu farnir að hittast sjálfir á sparkvöllum í borginni og spila saman. Það er í sjálfu sér mikill sigur og ekki síst fyrir þá sjálfa,“ segir hann.

„Þetta hefur allt miðast við það frá upphafi að við erum að fara að leika gegn Íslandsmeisturum í Landsbankadeild karla í byrjun október. Eins og staðan er núna bendir allt til þess að það verði FH og það er óhætt að segja að leikmennirnir beri kvíðboga fyrir því.“ Mikil umgjörð verður í kringum leikinn og verður öllu til tjaldað, margar myndavélar verða á leiknum og frægir þulir munu lýsa leiknum. „Markmið okkar fyrir þann leik er að skora mark,“ segir hann en er um leið spurður hvort búið sé að semja um það að KF Nörd nái að skora að minnsta kosti eitt mark í leiknum? „Það eru engin samráð í gangi, við förum í þennan leik án þess að hafa nokkuð samráð við FH. Þetta eru ekki olíufélögin eða þá Juventus,“ segir hann og hlær.

Upptökum á þáttunum líkur eins og fyrr segir í október með stórleiknum við nýbakaða Íslandsmeistara, telur Logi að leikmennirnir

muni hverfa aftur til fyrra lífs eða halda halda áfram á þessari braut? „Ég hugsa að þeir muni ekki snúa blaðinu algjörlega við og mig grunar líka að nokkrir þeirra muni hverfa aftur til fyrra lífs. Það er þó viss „afnörðun“ í þessu og ef okkur tekst ekki að afnörða þá gætu þeir kannski leitað til Gunnars í Krossinum.“

LÆRDÓMSRÍK REYNSLA

„Leikmennirnir eru þegar farnir að öðlast einhverja frægð, fólk er að stoppa þá á götum úti og spyrja hvernig gengur. Það er aldrei að vita nema einhverjir geti nýtt sér þessa reynslu á opinberum vettvangi í framtíðinni. Mér sýnist á öllu að þetta séu skynsamir og greindir drengir og ég held að þeir muni höndla frægðina vel, verði hún einhver. Það er líka mjög virðingarvert hvað þessir strákar eru tilbúnir til þess nú að leggja sig fram. Auðvitað er þetta alveg ný upplifun fyrir þá, menn eru berskjaldaðir fyrir framan myndavél og þeir leyndu þar, þetta er raunveruleikinn blákaldur. Það er enginn sem segir þeim hvað þeir eiga að segja,“ segir Logi. „Það sem er líka merkilegt er að sjá að þeir hafa aldrei verið í svona hópi áður og þurfa nú að vinna saman sem lið og taka tillit til hvors annars.“

Logi leggur líka ríka áherslu á það að KF Nörd sé jákvætt sjónvarpsefni. „Þeir eru að reyna að bæta sig og ólíkt öðrum raunveruleikapaftum þá verður enginn rekin heim, það tapar enginn heldur vinna allir.“

PÍANÓ

af öllum stærðum og gerðum



YAMAHA

Yamaha píanó.
Yamaha píanó og flyglar
með og án SILENT búnaðar.
Veldu gæði – veldu Yamaha!

SAMICK

Samick píanó.
Mest seldu píanó á Íslandi!
Fáanleg í svörtu, hnotu og mahoný.
Verð frá 357.000 kr.



Goodway píanó.
Fáanleg í svörtu, hnotu og mahoný.
Verð frá 199.000 kr.
15 mán. Vaxtalausar greiðslur.

ESTONIA

Estonia flyglar.
Handsmíðuð gæðahljóðfæri.



STEINWAY & SONS

Steinway & Sons
Fyrir þá sem vilja aðeins það besta.
Til sýnis í verslun okkar.



Mesta úrval landsins á einum stað!



— HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ —
Leifur Magnússon

Suðurlandsbraut 32 • 108 Reykjavík • 591 5350

Guðrún Petrea Gunnarsdóttir var send norður í Kinn í Þingeyjarsveit fimmtán ára að hjálpa til í sauðburði. Rómantíkin tók völdin og nú býr Guðrún að Ystafelli, þar sem hún og Sverrir Ingólfsson maður hennar reka samgönguminjasafn. Birta tyllti sér inn í eldhús hjá Guðrúnu og rakti úr henni garninar.



Þá var ég guðsblessunarlega orðin ólétt

Það er kaffítími í sveitinni og Guðrún er nýbúin að færa Sverri manni sínum samlokur út í safn. Hann er bundinn í hjólastól en lætur það ekki aftra sér frá viðgerðum og vörslu fornbíla og tækja. Nú eru þau nýbúin að stækka húsnæði safnsins um rúmlega helming með byggingu 720 fermetra skemmu. Guðrún kveðst hafa séð um að smiðirnir fengju nóg að borða, auk þess að sjá um þrif og fleira í safninu. „Síðustu sumur hef ég verið í versluninni á Fosshóli og svo vinn ég fyrir Þingeyjarsveit í heimilishjálpi hjá öldruðum. Það er bæði gefandi og krefjandi og hentar mér mjög vel. Ég sakna beggja starfanna en tók mér frí frá þeim í sumar vegna anna hér heima.“


SENDIFERÐIR TIL MÁLAMYNDA

Guðrún ólst upp í Grýtubakkanum í Breiðholti en á ættir að rekja vestur í Djúp og austur á Jökuldalsheiði. Spurð hvað hafi orðið til að hún settist að á Norðurlandi svarar hún spök: „Ég var nú bara send í sveit hingað norður fimmtán ára gömul. Að Hlíð sem er næsti bær við Ystafell, til bróður Sverris og konu hans. Það var vorið 1987. Ég átti að hjálpa til í sauðburðinum. Mamma sá auglýst í Bændablaðinu eftir vinnukrafti í sveit og vildi bjarga dóttur sinni úr sollinum syðra þó hún hafi nú aldrei þurft að hafa áhyggjur af

mér. Reyndar var óskað eftir dreng í sveitastörfun en hjónin tóku við mér og ég fór ekki mikið heim eftir það. Eitt leiðir af öðru. Það var stöðugt verið að senda mig hingað í Ystafell einhverra smáerinda, sækja mjólk, gá að lömbum og eitthvað að vesenast. Ég er búin að fatta fyrir löngu hvað fyrir húsbændum mínum vakti. Já, já, ég kynntist Sverri sem sagt og ástin skaut rótum. Hann var þá 21 árs, fráfr og frískur og var að vinna með pabba sínum, bæði í búskap og viðgerðum. Safnið var í hrúgu uppi á túni en Kristbjörg móðir Sverris var með kúr, kindur og hænsemi. Svo fór búskapurinn minnkandi og eftir að Sverrir veiktist þá var hætt við hann endanlega.“

- Veiktist segir þú? „Já, Sverrir lenti ekki í slysi heldur sprakk æðagúlpur inni í mænugöngunum, svipað eins og þegar fólk fær slag. Læknarnir telja að þetta hafi verið meðfæddur galli. Blóðið náði að storkna og hann byrjaði með að lamast upp í háls. Þetta gerðist úti í skúr á milli jóla og nýjárs. Hann lá þar á fjórum fótum þegar að var komið og skildi ekkert hvað var að gerast. Hann fór til Gautaborgar á sjúkrahús og fljótlega fékk hann mátt í hægri handlegginn. Síðan tók við endurhæfing á Grensásdeild.

Þetta var auðvitað erfitt tímabil hjá okkur öllum. Kannski hefði meiri sálfræðiaðstoð verið veitt í dag en maður er ekkert að velta sér upp úr því. Erfiðleikarnir eru til að takast á við þá.“



USS!

Með USS!-kortinu getur þú sent 30 SMS og 30 myndskilaboð á dag, innan kerfis Og Vodafone, án þess að borga krónu fyrir þau aukalega. Notaðu inneignina 1.990 kr. til að tala lengi, lengi, lengi. Kortið gildir í 30 daga.

USS!

ÞÚ ÞARFT EKKERT AÐ TALA FREKAR EN ÞÚ VILT



SMS: 0 KR.
MYNDSKILABOÐ: 0 KR.
1.990 KR. INNEIGN



Heyrumst!



Guðrún í garðinum sem hún er að koma upp í kringum húsið.

LÆRÐI MARGT AF TENGDÓ

Það var um áramótin 1988-9 sem Guðrún upplifði það sautján ára gömul að unnustinn lamaðist upp að hálsi. „Þá var ég guðsblessunarlega orðin ólétt,“ rifjar hún upp. „Komin fimm mánuði á leið og ekki var aftur snúið. Maður veit ekkert hvað hefði gerst ef svo hefði ekki verið en það var alger guðsgjöf að eignast þennan dreng, hann Friðgeir sem nú er orðinn sautján ára gamall.“

Fjölskyldan bjó á Akureyri fyrstu tólf, þrettán árin en flutti að Ystafelli árið 2000 og byggði sér þar hús. „Við ákváðum að takast á við nýjan áfanga í lífinu og vera með í að byggja upp samgönguminjasafnið með foreldrum Sverris, Ingólfi og Kristbjörgu. Fáum árum síðar vorum við orðin ein með safnið því þau dóu með stuttu millibili árið 2003.“

Að sögn Guðrúnar snýst sonurinn mikið kringum tækin og er föður síns hægri hönd en hyggur samt ekki á nám í bifvélavirkjun. „Hann hefur áhuga á guðfræðideildinni eða einhverjum slíkum hugvísindum. Hvort hann lærir til prests veit ég ekki, hann er svo ungur. Friðbjörn hefur samt alltaf verið dálítið gömul sál og afskaplega góður strákur.“

Guðrún kveðst strax hafa kunnað vel við sig í Kinninni. „Þau tóku afskaplega vel á móti mér gömlu hjónin og það var margt sem ég lærði af Kristbjörgu, bæði í matargerð og að vera snör í snúningum eins og oft þarf við í sveitinni. Þó er ég ekki að gera lítið úr mömmu minni.“

Sólarhringurinn er oft ekki nógu langur að mati Guðrúnar, því alltaf er nóg að gera og áhugamálin liggja víða. Hún er að koma sér upp garði kringum húsið, vill hafa safnið snyrtilegt og fagnar því að verið sé að taka hluta af vélahaugnum á túninu í brotajárn. „Það er svo gaman að fegra hér í kring,“ segir hún. Hún hefur yndi af ferðalögum, er nýkomin frá Köben og ætlar til Rómars í haust. Svo starfar hún með kvenfélaginu og kirkjukórnum og hefur gaman af ýmsu föndri en kveðst þó ekki dugleg að þrjóna. Góðar bíómyndir taka kannski mest af frítímanum hjá Guðrúnu og á hún mikið safn af þeim, bæði á vídeospólum og DVD. „Það er margt sem maður getur gert sér til skemmtunar í sveitinni ef maður leitar eftir því,“ segir hún. „Mér finnst ég ekki afskekkt, enda get ég náð í allt sem ég vil. Vegirnir eru svo góðir.“



Hjónin á Ystafelli, Guðrún og Sverrir.



Samgönguminjasafnið að Ystafelli geymir marga góða gripi frá upphafi vélaaldar á Íslandi.

Amana

Toppurinn í þeim amerísku* sérhannaðir kælikápar eftir þínum þörfum!



ALASKA

* Framleiddir í Bandaríkjunum

Við látum útbúa
AMANA skápinn nákvæmlega
eins og þú vilt hafa hann
Þú velur innréttingar, spegil-, stál
eða litaáferð.

5 breytileg kælistig.

Möguleikarnir eru næstum óþrjótandi!

Komið og kynnist því sem **AMANA** býður.
Verið hjartanlega velkomin.



Nýjar gerðir - 3 breiddir fánlegar



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt, að leitun er að öðru eins



Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins.

nettoline 
 AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT
www.nettoline.com



Eldhúsinnréttingar Baðinnréttingar Þvottahússinnréttingar Fataskápar með venjulegum- og rennihurðum

ELBA



Eldavélar



Ofnar



Helluborð



Viftur & háfar



Uppþvottavélar

Snaigé



Kæli- og frystiskápar



20%
afsláttur
18. ágúst til 9. september

Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu og fullkomin raftæki frá ELBA, Snaigé og Westinghouse - heimsókn til okkar borgar sig.

Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af!

20% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum í 3 vikur (tilboðið stendur frá 18. ágúst til 9. september).

EKKI BARA INNRÉTTINGAR !

Við bjóðum einnig fullkomið úrval vandaðra raftækja, Elba eldunartæki og uppþvottavélar og Snaigé og Westinghouse kæli- og frystiskápa

Á tilboðsdögum veitum við 20 % afslátt af Elba og Snaige raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu.

Virka daga kl. 9-18
Laugardaga 10 - 15

Velkomin í Friform, þar sem þú færð meira fyrir peningana

Friform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

TVÆR PASTASÓSUR Í SAFNIÐ

Pasta er ótrúlegur matur í fjölbreytileika sínum. Hér eru tvær sósur sem eru mjög ólíkar, önnur með túnfiski og sérlega létt og fersk – hin matarmikil og mjúk með mozzarellaosti. Báðar eru hollar og henta öllum aldursflokkum. Það sem er áhuga-vert við túnfisksósuna er að ferskt klettsalat er hrært saman við hana á pönnunni, sem gerir salatið aðeins öðruvísi en venjulega. Tómatósan er hrærð upp með ostinum, sem gerir það að verkum að hann bráðnar saman við heita sósuna og ómótstæðilegur osturinn þekur pastað. Vert er að minnast á að túnfisksósan er sniðug til að bera fram á bruscetta (grilluðu brauði sem smurt er með hvítlauk og olíu) og tómatósan er góð sem sósá með grilluðum kjúklingi og svínakjöti.

: Túnfisksósá með sítrónu, chillí og klettsalati

- : 2 msk. ólífuoía
- : 1 msk. smjör
- : ½ rauðlaukur, smátt saxaður
- : 2 hvítlauksrif, smátt söxuð
- : fínt rifinn börkur af sítrónu
- : safi úr einni sítrónu
- : salt
- : ¼ tsk. chillí-pípar / 2 þurrkuð
- : og mulin chillíaldin
- : salt
- : 1 dós túnfiskur
- : 2 hnefar nýtt klettsalat
- : parmesanostur

Mýkið lauk og hvítlauk á pönnu í olíu og smjöri. Stráið sítrónuberki yfir og hrærið. Hellið sítrónusafa yfir og hrærið. Smakkið til með salti og chillí (það er gott að sósan sé örlítið sterk en gætið að því að mjög lítið þarf af chillí. Hér er gefið upp ákveðið magn en sumir vilja meira og aðrir minna). Myljið túnfiskinn út á pönnuna og hrærið vel án þess að túnfiskurinn missi áferðina og verði of fínt rifinn niður. Setjið salatið saman við sósuna og blandið aðeins. Berið fram á pasta-beði, með örlítið meira salati og ferskum parmesanosti.



DROSTDY-HOF: Ljónin í flöskum

Vínin frá Drostdy-Hof hafa verið vinsælustu vín frá Afríku hér á landi um árabil. Gælunafn Drostdy-Hof er „afríska ljónið“ og kemur til af því hvað vínin þykja kraftmikil. Upphaflega fengust þau einungis í flöskum og vöktu athygli fyrir einstaklega gott verð miðað við gæði. Síðar komu þau einnig í kössum og hafa slegið í gegn, eru lang mest seldu kassavín á landinu. En ekki allir vilja kassavín auk þess sem fleiri tegundir af Drostdy-Hof fást í flöskum en kössum.

Fyrstu vín Drostdy-Hof komu á markað fyrir þrjátíu árum og var lagt upp með það að leiðarljósi að bjóða vinnendum upp á vönduð blönduð vín sem mætti treysta á að héldust stöðug frá ári til árs og þyrftu ekki langa geymslu fyrir neyslu. Allt hefur þetta gengið eftir og þykja Drostdy-Hof vín Suður-Afríku til sóma á alþjóðamarkaði, sérstaklega ef borið er saman verð og gæði.

DROSTDY-HOF CAPE RED

Höfðarauður, eða Cape Red, er það vín sem margir þekka best. Höfugt vín með þroskuðum, mjúkum ávexti.

Verð í Vínbúðum 990 kr.

DROSTDY-HOF CHARDONNAY

Purrt og ferskt með léttan ávöxt og rístaða eikartóna. Fyrirtak í samkvæmin.

Verð í Vínbúðum 990 kr.

DROSTDY-HOF CABERNET SAUVIGNON

Þétt meðalfylling, þurrt og ferskt með ferskan berjabláma, krydd. Á einstaklega vel við með lambakjöti.

Verð í Vínbúðum 1.090 kr.

DROSTDY-HOF MERLOT

Höfugt, með grösugum jarðarkeim. Eitt af þeim léttu rauðvín-um sem eru fin með fiski.

Verð í Vínbúðum 1.090 kr.



• Matarmikil tómatsósa með mozzarella

- 2 msk. ólífuoía
- 8 beikonsneiðar, skornar í bita
- 1 lítill rauðlaukur, smátt saxaður
- ½ eggaldin, skorið í bita
- ½ kúrbítur, skorinn í bita
- 2 msk. balsamikedik
- 2 dósir niðursoðnir tómatar
- hnefi fersk basilíka
- salt
- chillí-pípar
- mozzarellaostur
- parmesanostur

Hitið olíuna á pönnu og mýkið laukinn aðeins. Setjið beikonið saman við og steikið um stund. Þá eggaldin og kúrbít og mýkið áfram. Hellið edikinu yfir og látið sjóða upp í um 2 mín. Þá fara tómatararnir út í og sósan er hrærð vel. Látið malla í a.m.k. 30 mín. en þá er basilíkan rifin yfir. Smakkið til með salti og smá chillí-pípar. Ef sósan er frekar súr (sem hún á ekki að vera eftir að hafa mallað þetta lengi-en gæti verið út af tómötunum sem eru mjög misjafnir) er sniðugt ráð að setja nokkur syrkorkn saman við hana. Takið mozzarellakúlu og rífið út í sósunu, hrærið ostinn saman við hana og berið strax fram með góðu pasta, ekki verra að það sé ferskt. Ferskur parmesan ætti ekki að vera langt undan fyrir þá sem hann vilja.



heilsu Jóia Fel brauð



Speltbrauð

Innihald: Dinsæl hvítt (kveit hvítt), sur, lítið af ger og salt.



Súrdeigsbrauð

Innihald: ruggrjól, rugkjarnar, sólkjarnar og lífrænn sur.



Múslibrauð

Innihald: hveiti, grófrjósablanda, mjólk, rósmar, salt og ger.



Sveitabrauð

Innihald: hveiti, ruggrjól, hveiti-sur, salt og lítið af ger.



Graskersbrauð

Innihald: hveiti, ruggrjól, hveitivar, mjólk, tásmjól, graskerndillur, ger og salt.



Fjallabrauð

Innihald: hveiti, heppi, sólkjarnar, graskers-
frak, rugkjarnar, mjólk, sur, salt og ger.



Orkubrauð

Innihald: hveitiból, graskerskjarnar, grótt
kúgasmjól, ryöl- og appelsínuröfjar,
þurkaðir melónskjarnar og sur.



Próteinbrauð

Innihald: ruggrjól, hafsveng, prótein,
eggahellur, túrvar og lítið af ger.

Gómsæt heilsubrauð að hætti Jóia Fel

Heilsubrauðin hjá Jóia Fel eru bökuð úr fyrsta flokks hráefni. Lögð er áhersla á að hafa brauðin sem trefjarikust, því að trefjar skipta miklu máli til að halda góðri heilsu og hraustlegu útliti. Brauðin innihalda ekki unninn sykur.

Kleppsvegi 152
Smáralind

Mán. - fös. 7 - 18. Lau. - sun. 7 - 16.
Mán. - fös. 11 - 19. Lau. 11 - 18. Sun. 12 - 18.

Pantanir í síma:
588 8998

Vandaðar vetrarvörur

Kynning



Sautján - Kringlunni
Verð kr. 4.990
einnig til í hvítu

Deres - Kringlunni
Verð kr. 6.990



Deres - Kringlunni
Verð kr. 5.990



Benetton/Sisley - Smáralind
Verð kr. 5.696
til í bláu og rauðu



Gallabuxnabúðin - Kringlunni
Verð kr. 8.900





Deres - Kringlunni
Verð kr. 6.990



Kiss - Kringlunni
Verð kr. 1.990



Kiss - Kringlunni
Verð kr. 4.990



Company's - Kringlunni
Verð kr. 8.990

Kiss - Kringlunni
Verð kr. 6.990



Deres - Kringlunni
Verð kr. 8.990



Náttúruleg fegurð Kate Hudson

Myndir: NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Kate Hudson leikkona er þekkt fyrir látlausan stíl sinn og náttúrulega fegurð. Hún þykir hafa barnslegt andlit og fallett bros, sem gefur henni saklaust yfirbragð og veldur því að fólk telur hana oft vera yngri en hún er. Ekkert vantar þó upp á kynþokkann hjá stúlkunni, sem oftar en ekki birtist á rauða dreglinum í flegnum kjólum og háum hælum. Andlitsförun er þó alltaf í lágmarki og varla að það sjáist á henni varalitur. Hárið hefur hún oftast slegið og lætur lokkana njóta sín, sem undirstrikar hinn náttúrulega stíl hennar. Þegar hún er ekki að spóka sig fyrir framan myndavélarnar kys hún hippalegan fatnað, og er gjarnan með klúta um höfuðið og í stórum peysum og mussum.



Oft er Kate í hvítum eða svörtum fatnaði.



Kate bregður aðeins út af vananum í þessum mynstraða rauða kjól með hárið í tagli.



Í hvítum stuttum kjól og svörtum skóm.



Fagrir leggir Kate njóta sín vel í þessum stutta kjól.



Með gullbelti um mittið í gylltum skóm.



Barnsleg og sæt í gallabuxum og vestu.



Levante
CALZE

*Veglegur kaupauki fylgir
öllum seldum vörum frá
Levante*

*Tilboðið gildir í september á útsölustöðum Lyffju - Lyf og heilsu og Lyffjavali.
Gildir á meðan birgdir endast.*

Erla Björg Gunnarsdóttir
elur upp



Fyrsti skóladagurinn

Ég hef alltaf vitað að móðurhlutverki mínu sé takmörk sett. Að líf barna minna hafi byrjað sem óskrifað blað og að ég geti aðeins gert mitt besta við að búa til fallegan og heilsteiptan ramma utan um það. Ég hef hugsað um öll mikilvægu skrefin sem þau eiga eftir að taka. Ákvarðanir þeirra og áfangar. Þegar þau munu misstíga sig og læra af mistökum. Um minningarnar sem þau munu eignast sem búa til fortíð þeirra. Ég hef alltaf gert mér grein fyrir vanmætti mínum gagnvart örlögum. Að ég geti ekki varið þau fyrir öllu eða stjórnað því hvaða stefnu þau taka í framtíðinni. Enda veit ég vel að hver og einn þarf að feta sína eigin leið. Allar þessar hugsanir þyrmdu yfir mig þegar stelpan mín byrjaði í grunnskóla á dögum. Flestir eru samála um að fyrsti skóladagurinn sé stórt þroskaskref, þar sem nýr kafli byrjar í lífi barnsins. Ég hef oft hugsað um þennan dag og var búin að plana þetta allt. Ég ætlaði að vera með henni í að velja skólatösku, fót og pennaveski. Ég ætlaði að halda í höndina hennar á leiðinni í skólann og kreista hana pínulítið þegar það yrði lesið upp nafnið hennar. Ég ætlaði að sjúga inn í mig reynslu hennar og hjálpa henni að búa til góða minningu um fyrsta skóladaginn sinn. Síðan myndum við halda upp á áfangann með góðum mat um kvöldið og eiga minninguna um daginn saman.

Aðstæður stríddu mér svolítið með þetta mál. Í fyrsta lagi byrjaði hún í dönskum skóla og ég get ekki einu sinni skilið nafnið hennar þegar það er lesið upp með dönskum kartöfluframburði. Þar að auki talar hún tungumálið betur en ég og gegnir yfirleitt því hlutverki að útskýra fyrir mér framgang mála en ekki öfugt. Í öðru lagi þá var ég hvergi nærri. Ég var lengst í burtu að vinna á Íslandi. Í stuttu máli gleymdi ég öllum djúpum þankagangi um óskrifað blað, ramma og vanmátt minn gagnvart örlögum barna minna. Ég þráði að hafa fullkomna stjórn á málinu og missti mig í algjöra móðursýki. Það var því lítið unnið í kringum fyrsta skóladaginn þar sem ég var ýmist á skype, msn eða í símanum. Við pabbann: „Í hverju er hún?“, „Ekki röndóttar sokkabuxur í stíl við munstrað pils!“; „Fallegar fléttur í hárið!“, „Muna eftir lúsarspreyi svo hún fái ekki lús!“, „Búinn að þvo skólatöskuna? En pennaveskið? Pússa eyralokkana?“; „Þú verður að taka ljósmynd og myndband!“; Við hana: „Hæ elskan, ertu bara tilbúin? Þú verður að borða vel. Sofa vel. Ekkert stressuð? Hrædd? Kvíðin?“ (Ehhh ... svona eins og ég?) Barnið tók að róa mig niður og vorkenndi elsku mömmu fyrir að vera svona langt í burtu. Hún var sjálf pollróleg. Líklega mun rólegri en ef ég hefði verið með vot augu og frosið bros í kringum hana. Akkúrat þá vissi ég að ég hafði fallið á prófinu. Að sleppa og treysta. Þetta var fyrsta prófið en þau eru svei mér mörg framundan. Ég vona að ég bæti mig. Að ég verði ekki óþolandi í brúðkaupsundirbúningi eða stjórnlaus af afskiptasemi þegar það kemur að uppeldi barnabarna. Ég er samt að spá í það að gefa sjálfri mér sjéns. Ég er nú bara nýbökud „skólakrakkamóðir“. Það er jú mjög stórt skref að byrja í skóla. Líka fyrir foreldra.



Magakveisa ungbarna

Magakveisa er skrítíð fyrirbæri og það virðist vera erfitt að útskýra það. Magakveisa er skilgreind sem óhuggandi grátur í minnst þrjá tíma á dag, alla vega þrjá daga vikunnar. Ef barnið grætur en er ekki svangt, með blautu bleiu, of heitt eða of kalt, þarf ekki nánd eða frið fyrir áreiti, þá gæti verið að barnið sé með magakveisu. Sumir segja að magakveisa stafi af óþroskuðum líffærum í nýburanum, aðrir segja fæðuval og enn aðrir telja að barnið nái ekki að losa loft nægjanlega vel. Helstu einkenni magakveisu eru að barnið stífnar upp og sveigir brjóstakassann fram þegar það grætur. Gráturinn er óstjórnlegur og stendur oftast yfir í langan tíma samfellt og oft á kvöldin. Það getur tekið mjög á nýbakaða foreldra að hlusta á litla barnið sitt gráta svona sárt og geta svo lítið gert fyrir það. Sum börn er ekki mögulegt að sefa en önnur ná að róast við alls kyns brögð, sem flest eru fundin upp af foreldrum, en hérna eru dæmi um nokkur:

Kveikið á hárfurrku í sama herbergi og barnið. Hátíðnihljóðið sem kemur frá hárfurrkunni minnir á hljóðin sem barnið heyrði þegar það var í móðurkviði og hefur því róandi áhrif á barnið.

Gangið um með barnið í magapoka. Leyfið því að heyra hjartsláttinn og vaggja eftir göngulagi ykkar.

Nudd getur hjálpað barninu við að losa loft og slaka á. Hægt er að fara á námskeið í ungbarnanuddi og kaupa sérstakar nuddolíur fyrir ungabörn.

Sumir foreldrar hafa prófað höfuðbeina- og spjaldhryggssnudd og haft góða reynslu af.

Svo er einnig mikilvægt að foreldrarnir hugsi um sig og reyni að halda ró sinni, enda spennist barnið meira upp ef foreldrarnir eru spennir. Grátandi barn getur skapað mikla streitu og örvænting getur farið illa með taugarnar. Því er mikilvægt að annað foreldrið hvíli sig á meðan hitt sinnir grátandi barninu. Best er að það fari eitthvert þar sem það heyrir ekki í grátinum. Einnig verður foreldrið sem sinnir barninu að láta það frá sér öðru hvoru og fá sér að drekka, anda inn og út og ná slökun til að hafa einhverja orku fyrir barnið.

Þetta eru aðeins dæmi um hvornig hægt er að róa barnið en foreldrar þekkja sitt barn best og finna oft sínar eigin leiðir sem virka vel á grátinn. Yfirleitt hætta börn með magakveisu um þriggja til fjögurra mánaða aldurinn þannig að foreldrar verða að muna að þetta tekur enda.

Tilboðsdagar

10-30% afsláttur



Rafstillanleg rúm

Frábær rafstillanleg rúm frá Recor í Belgíu.
Stærðir: 80x200, 90x200, 90x210, 100x210.
Verð frá kr. 92.800.- pr rúm með 7 svæða dýnu.



Langholtsvegi 111,104 Rvk. Sími 568 7900 • Opð virka daga 11-18

TÓNSMIÐIR FREKAR EN FLYTJENDUR

» Margir hafa vafalaust rekið augun í skilti á Hverfisgötu 32 sem á stendur skammstöfunin S.L.Á.T.U.R. eða Samtök listrænt ágengra tónlistarmanna umhverfis Reykjavík. Áki Ásgeirsson sem er einn hinna listrænt ágengu tónlistarmanna útskýrði hugmyndina á bakvið S.L.Á.T.U.R.

Áki Ásgeirsson tónsmiður, tónlistarmaður og tónlistarkennari segir að S.L.Á.T.U.R. sé frekar einsog klúbbur heldur en samtök. „Við erum opin en samt fyrir tiltölulega fámennan hóp, það má eiginlega segja að við séum pínulítill mafia. Við höfum þó hug á því að stækka.“

Vinnustofur samtakanna eru á Hverfisgötu 32, en fleiri tilheyra samtökunum en bara þeir sem hafa aðstöðu á Hverfisgötunni. Utan vinnustofunnar halda meðlimir fundi og ýmiskonar tónleika.

Nafnið þykir nokkuð óvenjulegt og viðurkennir Áki að fólk nái innihaldi titilsins ekki alveg strax. „Þetta með „listræna ágengni“ gerðum við til aðgreiningar frá hinu almenna. Við erum tónsmiðir sem erum að búa til krefjandi tónlist sem er ekki eingöngu til skemmtunar. Það hefur loðað svolítið við tónlist yfir höfuð að fólk hugsar um hana sem eitthvað þægilegt. Það er ekki raunin með aðrar listgreinar, til dæmis myndlist. Þá er það ekki það fyrsta sem manni dettur í hug að listamaður sé bara að mála eitthvað sem er þægilegt að horfa á.

Fólk viðurkennir það sem list þegar listamenn búa til einhverjar hrúgur á gólfid en ekki endilega eitthvað sem er beint fallet. Það er helsta ástæðan fyrir því að við bjuggum til þennan titil.“
